



HAFNARFJÖRÐUR

REGLUR OG SKILYRÐI UM GREIÐSLUR TIL EINKAREKINNA LEIKSKÓLA

Gildir frá 1.janúar 2013

1. Þessar reglur og skilyrði eiga við um einkarekna leikskóla sem ekki eru með þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ og samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að niðurgreiða í ellefu mánuði á ári leikskóladvöl barna í leikskólum sem ekki eru reknir af Hafnarfjarðarkaupstað. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni, að fenginni tillögu fræðsluráðs.

2. Skilyrði fyrir greiðslu eru að:

- I. barnið eigi lögheimili í Hafnarfirði.
- II. barnið sé á aldrinum tveggja til sex ára á því ári sem það fær leikskólavist. Þetta ákvæði á ekki við yngri
- III. börn sem hafa fengið leikskólavist þegar þessar reglur taka gildi,
- IV. ekki sé laust sambærilegt rými í leikskólum Hafnarfjarðar,
- V. leikskóli hafi rekstrarleyfi og uppfylli lög um leikskóla,
- VI. barnið sé slysatryggt í leikskólanum,
- VII. barnið dvelji 4-8 klst. daglega í leikskólanum.

3. Mánaðarlega niðurgreiðsla skal miða við dvalartíma barns með eftirfarandi hætti:

Almenn niðurgreiðsla	kr. 9.688 kr.,- á dvalartíma.
4 stunda dvöl	kr. 38.800
5 stunda dvöl	kr. 48.500
6 stunda dvöl	kr. 58.200
7 stunda dvöl	kr. 67.900
8 stunda dvöl	kr. 77.600

4. Til þess að öðlast rétt til frekari afsláttar verður horft til tekna foreldra sem grundvallast á framlagðri skattskýrslu og eða launaseðlum síðustu þriggja mánaða:

Einstaklingur með tekjur undir kr. 234.265 á mánuði fái 40% afslátt.

Einstaklingur með tekjur undir kr. 281.118 á mánuði fái 20% afslátt.

Fólk í sambúð með tekjur undir kr. 327.971 á mánuði fái 40 % afslátt.

Fólk í sambúð með tekjur undir kr. 393.565 á mánuði fái 20 % afslátt.

I. A. Niðurgreiðsla miðuð við 20% afslátt er	kr. 11.626, á dvalartíma:
4 stunda dvöl	kr. 46.560
5 stunda dvöl	kr. 58.200
6 stunda dvöl	kr. 69.840
7 stunda dvöl	kr. 81.480
8 stunda dvöl	kr. 93.120

- II. B. Niðurgreiðsla miðuð við 40% afslátt er kr. 9.380, á dvalartíma:
- | | |
|---------------|-------------|
| 4 stunda dvöl | kr. 54.320 |
| 5 stunda dvöl | kr. 67.900 |
| 6 stunda dvöl | kr. 81.480 |
| 7 stunda dvöl | kr. 95.060 |
| 8 stunda dvöl | kr. 108.640 |
5. Foreldrar sem eiga tvö börn eða fleiri í leikskóla skulu njóta systkinaafsláttar eins og gildir í leikskólum Hafnarfjarðar.
6. Greitt er samkvæmt reikningi þar sem fram kemur nafn barns, kennitala, heimilisfang og dvalartími ásamt staðfestingu foreldris/forráðamanns.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar
5. desember 2012

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri